



Alþingi
Erindi nr. P 143/263
komudagur 19.11.2013

Reykjavík, 19. nóvember 2013

Erindi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944 | Þingskjal 13– 13. mál

Hönnunarmiðstöð Íslands gerir athugasemd fyrir hönd íslenskra hönnuða og fyrirtækja á sviði íslenskrar hönnunar varðandi skilgreiningu á íslenskri hönnun í frumvarpinu. Einnig er gerð athugasemd varðandi gæðaeftirlit.

1.

Athugasemd við breytingar á 12. gr. laganna:

d. vöru aðra en matvæli skv. a-c-lið og e-lið, sem er hönnuð og framleidd hér á landi þó að hráefnið komi erlendis frá,

Íslensk hönnunarvara er þarna skilgreind sem vara hönnuð og framleidd á Íslandi. Sú skilgreining mun koma í veg fyrir að flest fyrirtæki sem selja og framleiða íslenska hönnunarvöru geti notað fánann á sínar vörur.

Framleiðslugeta á Íslandi er það lítil að nánast öll fyrirtæki sem byggja afkomu sína á íslenskri hönnunarvöru neyðast til að leita út fyrir landsteinanna eftir framleiðendum.

Einnig verður að gæta þess vel að aðgreina handverk og hönnun í lagasetningu sem þessari. Hönnunarvara er oftast fjöldaframleidd af fyrirtækjum. Á Íslandi er fjöldi sprotafyrirtækja á sviði hönnunar og framleiðslu, þetta eru íslensk fyrirtæki sem eru stolt af því að markaðssetja sig sem slík og bera þannig hróður Íslands víða um lönd. Það er slæmt að þrengja að möguleikum þeirra til þess eins og þetta frumvarp gerir. Hér eru nokkur dæmi um fyrirtæki sem þetta getur haft áhrif á: STEINUNN, Farmers Market, 66North, Geysir, KronKron, Vík Prjónsdóttir, Ígló&Indí, ELLA og mörg fleiri.

Breytingartillaga

d. vöru aðra en matvæli skv. a-c-lið og e-lið, svo sem handverk sem framleitt er hér á landi og vara sem hönnuð er á Íslandi þó að hráefnið komi erlendis frá

2.

Athugasemd varðandi gæðaeftirlit

Einnig er gerð athugasemd við það að ekki er gert ráð fyrir neinu gæðaeftirliti vegna notkunar fánans á vörur.

Hætta er á að fáninn verði nýttur á vörur sem verða mjög misjafnar að gæðum. Það getur valdið því að hann verði ekki lengur talin eftirsóknarvert tákni, þannig að framleiðendur hannaðrar gæðavöru og matvæla muni ekki vilja nýta fánann sér og vörum sínum til framdráttar. Að þessu verður að huga í lagasetningunni.

f.h. stjórnar Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri

Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textilfélagsins, Félags íslenskra gullsmíða og Félags íslenskra teiknara. **Hönnunarmiðstöð Íslands** er rekin fyrir fjárframlög frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.